

Námsáætlun fyrir Sjónlist 4. bekkur
skólaárið 2025 - 2026



Kennari: Drífa Þöll Reynisdóttir

Tíma fjöldi: 2 kennslustundir á viku í 10-12 vikur.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Sjónlist Formfræði, litafræði og myndbygging Frumþættir myndlistar, lita og formfræði. Skoðum fjarvídd og þrívíddarteikningu. Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum Listrýni Mynd út frá sögu.	Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni. Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tvívíðu og þrívíðu formi. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. Fjallað um eigin verk og annarra. Greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því.	Kynnt verða listaverk frá mismunandi tímum í mannkynssögunni. Nemendur vinna að sköpun út frá áhrifavöldum í listasögunni. Nemendur læra að meðhöndla mismunandi efnismiðla. Nemendur vinna verkefni í tví- og þrívíðu. Sjónrænar kveikjur Sýni og Verkleg kennsla Nemendur fá innlögð að verkefnum frá kennara í tíma	Verkefnamappa Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu. Metin verður þekking og meðhöndlun efna. Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. Metin verður frammistaða og virkni í tíma. Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfnimiðum Aðalnámskrár Grunnskóla. Lögð er áhersla á símat, ferilmöppu, leiðsagnarmat,

Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt Ákveðnar lista- stefnur og listamenn Umgengni Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði	Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni. Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka. Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra listamanna, lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og þær aðferðir sem beitt var við sköpun verksins. Gengið frá eftir vinnu sína.	Nemendur vinna að listsköpun undir leiðsögn	frammistöðu og færni nemandans.
Námsgögn: Bækur, blöð og verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans. Listaverkabækur, Litafræði og Formfræði. Efniviður: Pappír í ýmsum gerðum. Þekju-, vatns-,blek-, og akrýllitir. Tré-, túss-, vax-, og krítarlitir. Verkfæri: Blýantar, pennar, skæri, pennslar, svampur, reglustikur, leir og lím.			
Markmið:			

Að nemandi geti:

Tjáð sig á skapandi og myndrænan hátt

Læri fjölbreyttar aðferðir og leiðir til sköpunar

Geti unnið sjálfstætt og læri færni í þekkingu lita og formfræði

Geti unnið út frá eigin styrkleikum

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.